

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa

Dósthólf 5150

125 Reykjavík — Iceland

Kennitala 430775-0229

—

Alþingi

Erindi nr. P/131837

komudagur 11/3 1991

Félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu við Austurvöll,
150 Reykjavík.

Reykjavík 5.3.1991

Varðandi frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

Stjórn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa óskar eftir að fá að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri varðandi ofangreint frumvarp.

Það er mat stjórnar félagsins að bryna nauðsyn beri til að færa löggjöf um ýmis konar félagsþjónustu til nútímalegra horfs en nú er raunin. Félagaráðgjafar og aðrir sem starfa á félagsmálastofnunum og öðrum "hjálpastofnunum" hafa fram til þessa orðið að styðjast við löggjöf eins og framfærslulöggjöf frá 1947, sem ekki á sér stöð í þeim raunveruleika sem birtist almenningi á Íslandi á síðasta tug aldarinnar. Þetta hefur orðið til þess að sett hafa verið sérlæg um ýmis konar hópa í þjóðfélaginu, svo sem fatlaða og aldraða, sem aftur hefur ytt undir aðgreiningu þeirra frá öðrum.

Þetta hefur gert allt starf félagsráðgjafans og reyndar allt starf sem lýtur að því að leysa félagslegan vanda fólks, mjög erfitt. Ekki síður hefur þetta rýrt réttarstöðu almennings í landinu hvað varðar aðstoð þegar erfiðleikar stöðja að. Þess vegna fögnuðu félagsráðgjafar framkomnu frumvarpi til laga um félagsþjónustu sem fyrsta skrefi í þá átt að koma á heildstæðri félagsmálalöggjöf í landinu. Ef frumvarp þetta nær ekki fram að ganga er hætt á að mjög langur tími liði áður en aftur verður gerð tilraun til þess að koma þessu í rétt horf.

Því leyfir stjórn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa sér að mæla með því við háttvirta þingmenn í félagsmálanefnd neðri deildar að þeir greiði þessu frumvarpi atkvæði sitt.

F.h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa

LÁRA Björnsdóttir
Lára Björnsdóttir, formaður